



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Minnisblað um samfélagslegar áskoranir

Frá: vísinda- og tækninefndum

Lagt fyrir fund Vísinda- og tækniráðs 23. mars 2018

Samfélög í dag standa frammi fyrir flóknum, hnattrænum áskorunum á sviði t.d. menntamála, umhverfis, loftslags, heilsu, orku, fæðu, alþjóðlegra fólksflutninga og öryggis. Mikilvægt er að fjárfesting í þekkingarsköpun leiði til betri skilnings á samfélagslegum áskorunum og vísi veginn í átt til árangursríkra lausna.

Í aðgerð 1 í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019 kemur fram að skilgreina eigi meiriháttar samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og vinna verði markvisst að því að takast á við þær. Skilgreind verði 3–5 áherslusvið þar sem eflt verður þverfaglegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun, með þátttöku háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja.

Í aðgerðinni felst að nýttar verði aðferðir sem reynst hafa vel í nágrannaríkjum okkar, t.d. að efna til umræðna og samráðs við vísindamenn, atvinnulíf og almenning um áherslur og nota til þess netkannanir, netgáttir og/eða opna fundi. Ein leið sem fara mætti er að draga fyrir fram ákveðnar alþjóðlegar og innlendar áskoranir og óska eftir hugmyndum þátttakenda um hver forgangsmálin séu á hverju sviði.

Markmiðið er að efla forgangsröðun um fjárfestingu í rannsóknnum og nýsköpun, m.a. í gegnum Markáætlun og Innviðasjóð, og samræma betur alþjóðlegt samstarf stjórnvalda um rannsóknir og nýsköpun á evrópskum og norrænum vettvangi. Þegar Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs kom út í júní 2017 hafði eitt áherslusvið, að efla stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni, þegar verið skilgreint (aðgerð 2).

Benda má á að verkefnið mun ekki hafa áhrif á fjárveitingar úr Rannsóknasjóði sem ætlað er að efla framúrskarandi (e. excellent) rannsóknir án sérstakra áherslna að ofan. Mikilvægt er að forgangsröðun í rannsóknarfjárveitingum byggji ofan á og vinni með opnum sjóðum sem styðja frumkvæði vísindamanna til þekkingarleitar (e. bottom-up funds) en komi ekki í stað þeirra.